

Þjónustutegundir

Last Modified on 23/06/2026 2:16 pm BST

Þjónustutegundir auka sýnileika þinn inn á Noona markaðstorginu og hjálpar okkur að tengja þig við viðskiptavinum sem leita af þeim þjónustum sem þú býður upp á.

Hvernig virka þjónustutegundir?

Þjónustu-tegundir auka sýnileika þinn á markaðstorginu, sérstaklega í hraðleitinni (hnappurinn í miðjunni neðst í Noona appinu).

Notendur Noona nota hraðleitina til að finna fyrirtæki í grendinni sem bjóða upp á þá þjónustu sem þeir eru að leitast eftir og eru með lausan tíma með stuttum fyrirvara.

Þjónustutegundir hjálpa okkur að vita hvaða þjónustur þú býður upp á. Þannig ef þú merkir allar þínar þjónustur með þjónustutegund þá gerir þú það mun líklegra að Noona notandi finni þitt fyrirtæki í hraðleitinni þegar hann leitar eftir þjónustu sem þú býður upp á.

Hvernig set ég upp þjónustutegundir?

1. Þú byrjar á því að fara í Valmyndina sem þú finnur upp í vinstra horninu.
2. Ferðu undir skipulag og smellir á þjónustur.
3. Velur þjónustuna í þjónustulistanum þínum eða stofnar nýja þjónustu.
4. Smellir á flipann undir tegund þjónustu og velur hvað lýsir þinni þjónustu best.

Breyta þjónustu

Upplýsingar Netbeiðnir

Heiti þjónustu 🌐 1

Strípur og klipping

Tegund þjónustu ?

Ekkert valið

RAKARAÞJÓNUSTUR

Hár- og skeggsnyrting

Herraklipping

Rakstur

Skeggsnyrting

Skin Fade

HÁRGREIDSLA

Balayage

Barnaklipping

Hlé – 45 + mín

Seinni hluti – 30 + mín

Eyða Vista

Tökum dæmi:

Þjónustan þín heitir t.d. "Litun á augnhár og augabrúnir" en ég leita eftir "litun og plokkun" í hraðleitinni. Ef þú ert búin að merkja þjónustutegundina á þjónustuna þína getum við bent notandanum á þitt fyrirtæki þar sem þjónustutegundin tengir saman leit notandans við þjónustuna þína. Ef þú værir ekki búin að merkja þjónustutegundina er það ekkert víst að við myndum fatta að "Litun á augnhár og augabrúnir" sé svipuð þjónusta og "litun og plokkun".

i Ef þú finnur ekki þjónustutegund við hæfi veldu þá "Óskráð". Við endurskoðum reglulega þjónustutegundir og búum til nýja flokka til að þjóna þínum þörfum betur.

Þá er það ekki fleira í bili, en ekki hika við að heyra í okkur ef einhverjar spurningar vakna.

